

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

#### 1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a–e-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr., skal vera 15.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a–e-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr., skal þó vera 25.000 kr. þegar gjaldið er lagt á vegna hópbifreiðar. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 4. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr. sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra), skal vera 25.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 5. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotgjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

#### 6. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1988 og öðlast gildi við birtingu.

*Innviðaráðuneytinu, 28. maí 2025.*

**Eyjólfur Ármannsson.**

---

*Ingilín Kristmannsdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 13. júní 2025